

**VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ**

ARNARHVOLI, 150 REYKJAVÍK

12. febrúar 1992

*Alþingi**Erindi nr. P 115 / 531**komudagur 19/2 1992*

Hr. Matthías Bjarnason, alþingismaður,  
formaður efnahags- og viðskiptanefndar,  
Alþingi  
Reykjavík

Til nefndarinnar hefur verið vísað frumvarpi til laga,  
sem flutt var á þinginu fyrir jóla, um breytingu á lögum um  
Seðlabanka Íslands nr. 36, 5. maí 1986 (31. mál 115. þings).

Við 1. umræðu um frumvarpið komu fram í máli einstakra  
þingmanna athugasemdir við orðalag 2. ml. 2. gr. frumvarpsins.  
Þessar ábendingar voru réttmætar og fól ég starfsmönnum  
ráðuneytisins að fara vandlega yfir frumvarpið í ljósi þeirra.  
Tillögur þeirra voru bornar undir Seðlabanka Íslands.

Hér með kem ég á framfæri við hestvirta efnahags- og  
viðskiptanefnd tillögu um nýtt orðalag á þessum málslíð. Þá  
er hér lagt til að efni 3. mgr. 18. gr. Seðlabankalaganna um  
það hvernig gjaldeyrisvarasjóðurinn skuli varðveittur verði  
bætt við B-lið 3. gr. þeirra og er hér gerð tillaga um það í  
nýrri 1. gr. í frumvarpinu eins og fram kemur á meðfylgjandi  
blaði.

Fylgiskjal

## Breytingar á frumvarpi um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands

Ný 1. gr.

b-liður 3.gr. laganna orðist svo:

- b. að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við. Gjalddeyrisvarasjóðurinn skal varðveittur, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljalegum verðbréfum eða innlánum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er,

1. gr. verði 2. gr.

(Óbreyttur texti)

2. gr. verði 3. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Heimilt er að ákveða að gengi krónunnar skuli skilgreint gagnvart einum erlendum gjaldmiðli, meðaltali erlendra gjaldmiðla eða samsettum gjaldmiðli, svo sem evrópsku mynteiningunni (ECU) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR).

Ákvörðun þar að lútandi skal birt með auglýsingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er heimilt að ákveða sérstakt hámarks- og lágmarksgengi íslensku krónunnar gagnvart þeirri erlendu gengisviðmiðun sem valin hefur verið. Seðlabankanum er heimilt með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri eða öðrum aðgerðum, sem hann telur nauðsynlegar, að hlutast til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem þannig kunna að verða ákveðin.

Seðlabankinn skal hvern þann dag, sem bankastofnanir eru almennt opnar til viðskipta skrá sérstaklega á þeim tíma dagsins, sem hann ákveður, gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Það skal notað til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin.

Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn fellt niður eigin gengisskráningu og takmarkað eða stöðvað viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði.

Seðlabankanum er heimilt að setja nánari reglur um gengisskráningu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

3. gr. verði 4. gr.

(Óbreyttur texti)

4. gr. verði 5. gr.

(Óbreyttur texti)